

AUGLÝSING
um breytingu á reglum nr. 408/2007, um aðferðir
við magngreiningu textiltrefjablandna.

1. gr.

Við 2. gr. reglnanna bætist nýr stafliður, e-liður, svohljóðandi:

- e. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/122/EB frá 14. september 2009 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB um tilteknar aðferðir við magngreiningu textiltrefjablandna úr tveimur efnum í því skyni að laga viðaukann að tækni-framförum.

2. gr.

Við 3. gr. reglnanna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem vísað er til í e-lið 2. gr., eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB (ákvörðunin í 18. árgangi, hefti nr. 40 (14. júlí 2011), bls. 138). EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglum þessum.

3. gr.

Framangreindar breytingar, sem innleiða tilskipun 2009/122/EB og eru settar með heimild í 18. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, öðlast þegar gildi.

Neytendastofu, 27. október 2011.

Tryggvi Axelsson.

Þórunn Anna Árnadóttir.

Fylgiskjal.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/122/EB

2011/EES/40/12

frá 14. september 2009

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 96/73/EB frá 16. desember 1996 um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum ⁽¹⁾, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB frá 14. janúar 2009 um textílheiti ⁽²⁾ er þess krafist að í merkingum komi fram trefjasamsetning textílværa og kanna skal með greiningu hvort þær séu í samræmi við upplýsingar á merkimiða.
- 2) Í tilskipun 96/73/EB er kveðið á um samræmdar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum.
- 3) Á grundvelli nýlegra niðurstaðna frá tæknilegum vinnuhópi var tilskipun 2008/121/EB lögð að tækniframförum með því að bæta trefjategundinni melamíni við í skrána yfir trefjar í I. og V. viðauka við þá tilskipun.
- 4) Því er nauðsynlegt að skilgreina samræmdar prófunaraðferðir fyrir melamín.
- 5) Því ber að breyta tilskipun 96/73/EB til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tilskipanir um textílheiti og merkingar textílværa.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 96/73/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. september 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. september 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 242, 15.9.2009, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.6.2011, bls. 10.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 32, 3.2.1997, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 19, 23.1.2009, bls. 29.

VIÐAUKI

Ákvæðum 2. kafla II. viðauka við tilskipun 96/73/EB er breytt sem hér segir:

a) Í stað yfirlitstöflunnar yfir sérstakar aðferðir komi eftirfarandi:

„YFIRLITSTAFLA

Aðferð	Gildissvið		Prófefni
	Leysanlegur efnisþáttur	Óleysanlegur efnisþáttur	
1.	Asetat	Tilteknar aðrar trefjar	Aseton
2.	Tilteknar prótintrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Salt af undirklórsýru
3.	Viskósa, kúpró eða tilteknar gerðir módals	Baðmull, elastólefin eða melamín	Maurasýra og sinkklóríð
4.	Pólýamíð eða nælon	Tilteknar aðrar trefjar	80% maurasýra (massahlutfall)
5.	Asetat	Triasetat, elastólefin eða melamín	Bensýlalkóhól
6.	Triasetat eða pólýlaktíð	Tilteknar aðrar trefjar	Díklórmetan
7.	Tilteknar beðmistrefjar	Pólýester, elastófjolester eða elastólefin	75% brennisteinssýra (massahlutfall)
8.	Akrýltrefjar, tilteknar módakrýltrefjar eða tilteknar klórtrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Dímetylformamíð
9.	Tilteknar klórtrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Koldísúlfíð/aseton, 55,5/44,5 (rúmmálshlutfall)
10.	Asetat	Tilteknar klórtrefjar, elastólefin eða melamín	Ísedik
11.	Silki	Ull, hár elastólefin eða melamín	75% brennisteinssýra (massahlutfall)
12.	Júta	Tilteknar dýratrefjar	Köfnunarefnisinnihald
13.	Pólýprópýlen	Tilteknar aðrar trefjar	Xýlen
14.	Tilteknar aðrar trefjar	Klórtrefjar (einsleitar fjölliður vínýlklóríðs), elastólefin eða melamín	Óblönduð brennisteinssýra
15.	Klórtrefjar, tiltekin módakrýl, tiltekin elastón, asetót, triasetót	Tilteknar aðrar trefjar	Sýklóhexanon
16.	Melamín	Baðmull eða aramíð	90% maurasýra (massahlutfall), heit“

b) Aðferð nr. 1 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), hör (7), hampi (8), jútu (9), manilahampi (10), alfa (11), kókostrefjum (12), gíflí (13), ramí (14), sísalí (15), kúprói (21), módalí (22), prótíní (23), viskósu (25), akrýlí (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), elastófjolester (46), elastólefini (47) og melamíní (48).

Þessa aðferð skal ekki undir neinum kringumstæðum nota þegar um er að ræða asetattrefjar þar sem asetýl hefur verið fjarlægt af yfirborði.“

- ii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00, nema þegar um er að ræða melamín, en þá er „d“ = 1,01.“

- c) Aðferð nr. 2 er breytt sem hér segir:

- i. Í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. baðmull (5), kúprói (21), viskósu (25), akrýli (26), klórtrefjum (27), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), elastani (43), glertrefjum (44), elastólfjolester (46), elastólefíni (47) og melamíni (48).

Ef prótíntrefjamar eru af tveimur tegundum eða fleiri veitir aðferðin upplýsingar um heildarmagn þeirra en ekki hundraðshluta hvers og eins.“

- ii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00, nema þegar um er að ræða baðmull, viskósu, módal og melamín, en þá er „d“ = 1,01, og óbleikta baðmull, en þá er „d“ = 1,03.“

- d) Aðferð nr. 3 er breytt sem hér segir:

- i. Í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. baðmull (5), elastólefíni (47) og melamíni (48).

Ef módaltrefjar eru til staðar ber að framkvæma forprófun til þess að kanna hvort þær séu leysanlegar í prófefninu.

Þessi aðferð gildir ekki fyrir blöndur þar sem baðmullin hefur orðið fyrir verulegu efnafræðilegu niðurbroti og ekki heldur þegar viskósu- eða kúprótrefjamar eru ekki fyllilega leysanlegar vegna þess að í þeim eru tilteknir leysilítir eða frágangsefni sem ekki er hægt að fjarlægja að öllu leyti.“

- ii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,02 fyrir baðmull, 1,01 fyrir melamín og 1,00 fyrir elastólefín.“

- e) Aðferð nr. 4 er breytt sem hér segir:

- i. Í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), baðmull (5), kúprói (21), módali (22), viskósu (25), akrýli (26), klórtrefjum (27), pólýester (35), pólýprópýleni (37), glertrefjum (44), elastólfjolester (46), elastólefíni (47) og melamíni (48).

Eins og að framan greinir gildir þessi aðferð einnig fyrir blöndur sem innihalda ull, en fari ullarmagnið yfir 25% skal nota aðferð nr. 2 (ull leyst upp í basískri natriumhýpóklóritlausn).“

- ii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00, nema þegar um er að ræða melamín, en þá er „d“ = 1,01.“

f) Aðferð nr. 5 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir blöndur úr tveimur efnum:

1. asetati (19)

og

2. triasetati (24), elastólefíni (47) og melamíni (48).“

ii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00, nema þegar um er að ræða melamín, en þá er „d“ = 1,01.“

g) Aðferð nr. 6 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúprói (21), móðali (22), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), glertrefjum (44), elastófjöléster (46), elastólefíni (47) og melamíni (48).

Athugasemd: Triasetattrefjar, sem hafa verið meðhöndlaðar með frágangsefnum sem hefur leitt til vatnsrofs að hluta, verða ekki lengur að öllu leyti leysanlegar í prófefíni. Í þeim tilvikum er aðferðin ónothæf.“

ii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00, nema þegar um er að ræða pólýester, elastófjöléster, elastólefin og melamín, en þá er það 1,01.“

h) Aðferð nr. 8 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúprói (21), móðali (22), viskósu (25), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35) elastófjöléster (46), elastólefíni (47) og melamíni (48).

Hún á jafnt við um akrýltrefjar og tiltekna móðakrýltrefjar, sem hafa verið meðhöndlaðar með málmauknum leysilítum, en ekki um þær sem lítaðar eru með eftirkromuðum leysilítum.“

ii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00, nema þegar um er að ræða ull, baðmull, kúpró, móðal, pólýester, elastófjöléster og melamín, en þá er það 1,01.“

i) Aðferð nr. 9 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúprói (21), móðali (22), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), glertrefjum (44), elastófjöléster (46) og melamíni (48).

Fari ullar- eða silkimagn blöndunnar yfir 25% skal nota aðferð nr. 2.

Fari pólýamíð- eða nælonmagn blöndunnar yfir 25% skal nota aðferð nr. 4.“

ii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00, nema þegar um er að ræða melamín, en þá er „d“ = 1,01.“

j) Í stað 2. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 10 komi eftirfarandi:

„2. tilteknum klórtrefjum (27), þ.e. pólývinýlklóríði, einnig klórbornum eftir á, elastólefíni (47) og melamíni (48).“

k) Aðferð nr. 11 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3) og elastólefíni (47) og melamíni (48).“

ii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 0,985 fyrir ull, 1,00 fyrir elastólefin og 1,01 fyrir melamín.“

l) Aðferð nr. 13 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), asetati (19), kúprói (21), módali (22), tríasetati (24), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), glertrefjum (44), elastófjölester (46) og melamíni (48).“

ii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00, nema þegar um er að ræða melamín, en þá er „d“ = 1,01.“

m) Aðferð nr. 14 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir blöndur úr tveimur efnum:

1. baðmull (5), asetati (19), kúprói (21), módali (22), tríasetati (24), viskósu (25), tilteknum akrýlum (26), tilteknum móðakrýlum (29), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35) og elastófjölester (46)

og

2. klórtrefjum (27) sem eru úr einsleitum fjölliðum vinýlklóríðs, einnig klórbornum eftir á, elastólefíni (47) og melamíni (48).

Þau móðakrýl, sem um er að ræða, gefa tæra lausn þegar þeim er sökk í óblandaða brennisteinssýru (eðlismassi 1,84 við 20 °C).

Þessa aðferð má nota í stað aðferða nr. 8 og 9.“

ii. Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. MEGINREGLA

Efnisþátturinn, að klórtrefjunum, elastólefininu og melamíninu undanskildu (þ.e. trefjar sem tiltekna eru í 1. undirlið 1. liðar) er fjarlægður úr þekktum, þurrum efnismassa af blöndunni með því að leysa hann upp í óblandaðri brennisteinssýru (eðlismassi 1,84 við 20 °C). Leifinni, sem samanstendur af klórtrefjunum, elastólefininu eða melamíninu, er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vegin; efnismassi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs efnismassa blöndunnar. Hundraðshluti hins efnisþáttarins er reiknaður út frá mismuninum.“

iii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00, nema þegar um er að ræða melamín, en þá er „d“ = 1,01.“

n) Aðferð nr. 15 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir blöndur úr tveimur efnum:

1. asetati (19), tríasetati (24), klórtrefjum (27), tilteknum móðakrýlum (29), tilteknum elastönum (43)

og

2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúprói (21), módali (22), viskósu (25), pólýamíði eða næloni (30), akrýli (26), glerrefjum (44) og melamíni (48).

Ef móðakrýltrefjar eða elastön eru til staðar ber fyrst að framkvæma forprófun til þess að kanna hvort trefjar séu að öllu leyti leysanlegar í prófefninu.

Einnig er mögulegt að greina blöndur sem innihalda klórtrefjar með því að nota aðferð nr. 9 eða 14.“

ii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 með eftirfarandi undantekningum:

silki og melamín 1,01

akrýl 0,98.“

o) Aðferð nr. 16 bætist við á eftir aðferð nr. 15:

„ADFERÐ nr. 16

MELAMÍN OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notuð er heit maurasýra)

1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir blöndur úr tveimur efnum:

1. melamíni (48)

og

2. baðmull (5) og aramíði (31).

2. MEGINREGLA

Melamíníð er fjarlægt úr þekktum, þurrum efnismassa af blöndunni með því að leysa það upp í heitri maurasýru (90% miðað við massa).

Leifinni er safnað saman, hún skoluð, þurruð og vegin; efnismassi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs efnismassa blöndunnar. Hundraðshluti hins efnisþáttarins er reiknaður út frá mismuninum.

Athugasemd: Fylgja skal nákvæmlega ráðleggingum um hitasvið þar sem leysni melamíns er mjög háð hitastigi.

3. BÚNAÐUR OG PRÓFEFNI (önnur en þau sem tilgreind eru í almennu leiðbeiningunum)

3.1. Búnaður

- i. Keilufaska með glertappa sem rúmar a.m.k. 200 ml.
- ii. Hristivatsbað eða annar búnaður til að hrista flöskuna og viðhalda hitastigi hennar við 90 ± 2 °C.

3.2. Prófefni

- i. Maurasýra (90%, massahlutfall, eðlismassi við 20 °C: 1,204 g/ml). Þynnið 890 ml af 98 til 100% maurasýru (eðlismassi við 20 °C: 1,220 g/ml) að einum lítra með vatni.

Heit maurasýra er mjög ætandi og verður að meðhöndla með varúð.

- ii. Ammoníak, þynnt lausn: þynnið 80 ml af óblandaðri ammoníakslausn (eðlismassi við 20 °C: 0,880) að einum lítra með vatni.

4. PRÓFUNARÁÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum, halda skal síðan áfram sem hér segir:

Bæta skal 100 ml af maurasýru við fyrir hvert gramm af sýninu í keiluflöskunni sem er með glertappa og tekur a.m.k. 200 ml. Tappinn skal settur í flöskuna og hún hrist til að gegnbleyta sýnið. Flaskan skal hrist kröftuglega í hristivatsbaðinu við 90 ± 2 °C í eina klukkustund. Flaskan skal kæld niður í stofuhita. Vökvanum skal hellt ofan af og gegnum vegnu síudeigluna. Þá skal 50 ml af maurasýru bætt í flöskuna sem inniheldur leifina, flaskan hrist í höndunum og innihald hennar síað í gegnum síudeigluna. Það sem eftir er af trefjum í flöskunni skal skolað með svólíttilli maurasýru (prófefni) og fært yfir í deigluna. Deiglan skal tæmd með loftsogi og leifin skoluð með maurasýru (prófefni), heitu vatni, þynntri ammoníakslausn og loks köldu vatni og síðan skal deiglan tæmd með loftsogi eftir hverja skolun. Loftsogi skal ekki beitt fyrir en þvottalausnir hefur síast í gegn án loftsogs. Að lokum skal deiglan tæmd með loftsogi og deiglan og leifin því næst þurruð, kæld og vegin.

Athugasemd: Hitastig hefur mjög mikil áhrif á leysnieiginleika melamíns og skal hafa nákvæmt eftirlit með því.

5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ fyrir baðmull og aramíð er 1,02.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 2 miðað við 95% öryggisstig.“